

Námsvísir
1. bekk 2008-2009

Handmennt

Kennari: Guðrún Auður Björnsdóttir

Markmið skóla og nemenda:

Lögð verður áhersla á að örva sköpunargleði, vinnugleði og frumkvæði nemenda.

Nemendur kynnast textílstofu og smíðastofu, einföldum verkfærum og vinnubrögðum.

Farið verður yfir öryggisþætti og góð umgengni kennd.

Lögð verður áhersla á þjálfun fínheyfinga.

Markmið handmenntakennslunnar byggist á markmiðum Aðalnámskrár Grunnskóla í listgreinum frá 1999.

Kennsluaðferðir og leiðir að markmiðum:

Ekki verður um aldursblöndun að ræða hjá nemendum í 1.bekk, en þeim verður skipt í þrjá smíðjuhópa. Hver hópur fer í smíðju 60 mín í senn 2x í viku í 11 vikur, annan daginn í smíðastofu og hinn í textílstofu.

Handmenntakennsla er í eðli sínu einstaklingsmiðuð. Nemendur fá ákveðin verkefni sem þau útfæra síðan að eigin óskum og eftir getu hvers og eins (stöðumat). Verkefni geta verið mismunandi milli hópa eftir árstíðum, vegna samþættingar við aðrar námgreinar, þemavinnu o.s.fv.

Kennsluaðferðir:

Einstaklingskennsla, sýnikennsla, samvinnunám (nemendur kenna/hjálpa hver öðrum).

Námsmat:

Kennaraeinkunn sem felur í sér þessa þætti: sjálfstæði/frumkvæði 25%, ástundun/vandvirkni 25%, fer eftir fyrirmælum 25% og umgengni/hegðun 25%. Gátlisti.

Nemandi metur eigin vinnu í lok hvers tíma (sjálfsmat) á ákv. eyðublað og kennarari metur vinnu nemandans á sama blað. Kennari skráir inn í Mentor.